

## **28. fundur hverfisnefndar Holta- og Hlíðarhverfis haldinn í Glerárskóla 3.09. 2009.**

**Mættir:** Pálína Jónsdóttir, Ingvar Þóroddsson, Aldís Einarsdóttir og Brynja Sigurðardóttir.

### **Fundarefni.**

#### **Nágrannavarsla. Fundur haldinn í bæjarstjórnasalnum 27. ágúst 2009.**

Pálína og Brynja skýrðu frá efni fundarins og hver næstu skref yrðu hjá hverfisnefndinni varðandi þetta málefni. Kom fram að 3 aðilar úr hverfisnefndum bæjarins voru tilnefndir í samstarfshóp ásamt Dagnýju Harðard. og bíða þurfi eftir að þeirra vinnu ljúki og þá verði hægt að hafa fund með fólkinu í hverfinu sem vill kynna sér nágrannavörslu nánar.

#### **Hausthátíð Holta- og Hlíðarhverfis ásamt Foreldrafélags Glerárskóla.**

Farið yfir atriði vegna hátíðarinnar og upphugsuð ný atriði fyrir þau sem dattu út. Þá var soðin saman auglýsing sem setja á víðs vegar.

#### **Breytingar á hverfisnefnd.**

Ákveðið var að kalla inn varamanninn Berglindi Rafnsdóttur til fundarsetu þar sem Guðmundur Geirsson er fjarverandi vegna vinnu sinnar erlendis fram að áramótum.

#### **Hverfisnefnd auglýst betur.**

Brynja greindi frá hugmynd sinni að setja link inná heimasíðu Glerárskóla þar sem hverfisnefndin yrði sýnilegri. Var hún búin að fá samþykki skólans fyrir því og voru nefndarmenn sammála þessari hugmynd. Þá lagði hún einnig til að nefndarmenn yrðu myndaðir fljótlega svo að fólkið í hverfinu ætti auðveldara með að tengja saman nöfn og andlit.

#### **Fundartími**

Næsti fundur var ákveðinn 22. september klukkan 19:00 í Glerárskóla.

Fleira var ekki rætt.

Ritað 3. september 2009  
Brynja Sig.